## BYGGINGARLÝSING

MANNVIRKIN ERU ANNARSVEGAR STÖÐVARHÚS OG HINS VEGAR INNTAKSHÚS. ÞAU ERU Í EIGU LANDSVIRKJUNAR. HÚSIN VERÐA EKKI MÖNNUÐ AÐ STAÐALDRI.

**BURÐARVIRKI**

ÚTVEGGIR OG INNVEGGIR OG PLÖTUR ERU STAÐSTEYPT NEMA ÞAKPLATA YFIR MEGINHLUTA STÖÐVARHÚSS SEM ER ÚR FORSTEYPTUM RIFJAPLÖTUM.

**EINANGRUN**

ÚTVEGGIR Í STARFSMANNA- OG STJÓRNUNARRÝMUM ERU EINANGRAÐIR AÐ INNAN MEÐ 100 MM PLASTEINANGRUN OG ÞAK MEÐ 200 MM PLASTEINANGRUN. Í ÖÐRUM HÚSHLUTUM ER EINANGRUN VEGGJA 0-50 MM OG ÞAKS 100 MM PLASTEINANGRUN.

**FRÁGANGUR ÚTI**

VEGGIR ERU ÓMÁLUÐ SJÓNSTEYPA, VATNSVARIN. ÞAK ER „VIÐSNÚIÐ" MEÐ ASFALTPAPPA NEÐST, ÞÁ PLASTEINANGRUN OG HELLUM. GLUGGAR OG HURÐIR ERU ÚR ÁLI NEMA YFIR SPENNUM FRAMAN VIÐ STÖÐVARHÚS ÞAR SEM ERU SPRENGIÞOLNIR STÁLGLUGGAR.

**FRÁGANGUR INNI**

GÓLF ERU ÝMIST MEÐ EPOXYKVARS, MÁLUÐ, RYKBUNDIN, FLÍSALÖGÐ MEÐ BLÁGRÝTI EÐA VINYLDÚK. Í STJÓRNRÝMI ERU KERFISGÓLF ÚR STÁLI MEÐ LEIÐANDI VINYLDÚK. ÚTVEGGIR ERU MÚRHÚÐAÐIR AÐ INNAN OG MÁLAÐIR. STEYPTIR INNVEGGIR ERU MÁLAÐIR. LÉTTIR INNVEGGIR ERU MEÐ BLIKKUPPISTÖÐUM, KLÆDDIR GIFSPLÖTUM OG MÁLAÐIR. LOFT ERU MÁLUÐ NEMA Í STARFSMANNA- OG STJORNUNARRÝMUM ÞAR SEM ERU NIÐURTEKIN MÁLUÐ GIFSLOFT OG KERFISLOFT. INNIHURÐIR ERU ALMENNT STÁLHURÐIR EN NOKKRA PLASTLAGÐAR OG ÚR ÁLI. GLERVEGGIR ERU ÚR ÁLI.

**LAGNIR OG LOFTRÆSING**

LOFTRÆSING ER VÉLRÆN OG SÉR UM LOFTSKIPTI, UPPHITUN FERSKLOFTS OG YFIRÞRÝSTING Á HÚSI. SÉRSTAKT ÚTSOG ER FRÁ MENGANDI RÝMUM SVO SEM OLÍU- OG GEYMARÝMUM. STOKKAR ERU YFIR NIÐURHENGDUM LOFTUM ÞAR SEM VIÐ Á, EN ANNARS SÝNILEGIR. LOFTHITABLÁSARAR TIL UPPHITUNAR ERU Á FLESTUM HÆÐUM, EN GÓLFHITI Í ANDDYRI OG OFNAR Í NOKKRUM RÝMUM. LOFTKÆLAR ERU Í RAFMAGNSHERBERGJUM. SNJÓBRÆÐSLUKERFI ER VIÐ AÐALINNGANG. FRÁRENNSLISLAGNIR ERU ALMENNT INNSTEYPTAR OG ALLT VATN LEITT Í OLÍUSKILJUR OG SVO Í DÆLUSÚMP.

SKOLPLAGNIR ERU TENGDAR ROTÞRÓ Á LÓÐ ÁSAMT SITURLÖGNUM.

DRENKERFI ER UMHVERFIS STÖÐVARHÚS, LEITT ÚT Í FRÁRENNSLISSKURÐ. ÞAKNIÐURFÖLL TENGJAST DRENKERFI OG ERU ÝMIST RAFHITUÐ EÐA SJÁLFHITUÐ MEÐ LOFTUPPSTREYMI. VATNSINNTAK ER Í STRENGJAGÖNGUM OG KEMUR VATNIÐ FRÁ VATNSÖFLUNARKERFI VIRKJUNARINNAR.

**RAFLAGNIR**

RAFORKUVINNSLA VIRKJUNARINNAR TENGIST INN Á STÖÐVARVEITUSKÁPA Í GEGNUM STÖÐVARSPENNA OG ÞAÐAN INN Á AÐALDREIFISKÁPA. AÐALDREIFISKÁPAR ERU FYRIR SITTHVORA VÉLINA, FYRIR HÚSKERFIN OG FYRIR INNTAKSBYGGINGUNA. EINNIG TENGIST 11 KV VARAFÆÐING FRÁ HRAUNEYJUM Í GEGNUM STÖÐVARSPENNI INN Á STÖÐVARVEITUSKÁPANA, AUK BAKFÆÐINGAR FRÁ HÁSPENNULÍNUM LANDSNETS. SKÁPARNIR ERU STAÐSETTIR Í RÝMUM R28 OG R29 Í STÖÐVARHÚSINU OG RÝMI R111 Í INNTAKSHÚSINU.

AÐALDREIFISKÁPUR HÚSKERFA ER STAÐSETTUR Í RÝMI R18 Í STÖÐVARHÚSI. SKÁPURINN ER FÆDDUR FRÁ RAFORKUVINNSLU VIRKJUNARINNAR OG TIL VARA FRÁ INNKOMANDI HÁSPENNULÍNUM.

RAFLAGNIR ERU AÐ MESTU Í SÝNILEGUM STRENGJASTIGUM OG AÐ EINHVERJU LEYTI HULDAR Í KERFISLOFTUM OG -GÓLFUM.

## BRUNAVARNIR

BRUNAVARNIR ERU SAMKVÆMT BRUNAHÖNNUN EFLU DAGS. 1.MARS 2013.

**BURÐARVIRKI**

MEGINBURÐARVIRKI ERU R 120.

BURÐARVIRKI ÞAKS ERU R 60.

**BRUNAHÓLFUN**

ALMENNT MYNDA EINSTÖK RÝMI SJÁLFSTÆÐ BRUNAHÓLF.

KRAFA UM BRUNAMÓTSTÖÐU ER SEM HÉR SEGIR NEMA ANNAÐ SÉ SÝNT:

| | |
|---|---|
| VEGGIR | EI 120 |
| HÆÐASKIL | REI 120 |
| HURÐIR | $EI_2$ 60-CSm |
| LYFTUHURÐIR | E 60-C |
| GLUGGAR | E 60 OG E 30 |

GLUGGAR Í ÚTVEGG AÐ SPENNUM UTANHÚSS VERÐA E 60 OG MEÐ SPRENGIÞOL Í FLOKKI ER1 SAMKVÆMT EN 13541.

BRUNAHÓLFUN AÐ AFLSPENNUM UTANHÚSS ER MEÐ REI 120 VEGGJUM.

BRUNAHÓLFUN LOFTRÆSIKERFI SKAL UPPFYLLA SÖMU KRÖFUR OG BRUNAHÓLFUN ALMENNT. LOFTINNBLÁSTUR SKAL STÖÐVAST OG BRUNA- OG REYKLOKUR LOKAST VIÐ BRUNABOÐ FRÁ LOFTINNTAKI EÐA BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI.

RÝMI MEÐ GASSLÖKKVIKERFUM SKULU HAFA BRUNA- OG REYKLOKUR SEM LOKA VIÐ BRUNABOÐ FRÁ VIÐKOMANDI RÝMI. ÞAU SKULU EINNIG BÚIN ÞRÝSTINGSLÉTTIBÚNAÐI.

AFLSTRENGIR OG STÝRISTRENGIR HVORRAR RÁSAR LIGGJA Í AÐSKILDUM BRUNAHÓLFUM ALLS STAÐAR, NEMA Í STRENGJAGANGI SEM ER EITT BRUNAHÓLF. ÞAR ER AÐSKILNAÐUR TRYGGÐUR MEÐ ÖÐRUM RÁÐSTÖFUNUM.

**KLÆÐNINGAR**

KLÆÐNINGAR Í LOFTI OG VEGGJUM INNANHÚSS VERÐA Í FLOKKI 1 (B-s1, d0 SKV. ÍST EN 13501-1).

**ÚTVEGGIR OG ÞÖK**

ÚTVEGGIR ERU STEINSTEYPTIR OG UPPFYLLA FLOKK 1.

ÞAKKLÆÐNING Í FLOKKi T (B(roof) (t2) SKV. ÍST EN 13501-5).

EINANGRUN Í ÞAKI ER ÓBRENNANLEG.

**FLÓTTALEIÐIR**

FLÓTTALEIÐIR SKV. TEIKNINGU.

ALMENNT ERU TVÆR ÓHÁÐAR FLÓTTALEIÐIR FRÁ HVERJU SVÆÐI.

ALLAR HURÐIR Í FLÓTTALEIÐ SKAL VERA HÆGT AÐ OPNA Í FLÓTTAÁTT ÁN LYKILS EÐA VERKFÆRA.

HURÐIR Í FLÓTTALEIÐUM SKULU ALMENNT HAFA NEYÐARHÚN SKV. ÍST EN 179.

HURÐIR MEÐ AÐGANGSSTÝRINGU Í FLÓTTALEIÐ VERÐA MEÐ BROTROFA VIÐ DYRNAR, SEM RÝFUR STRAUM AÐ LÆSINGUNNI ÞANNIG AÐ HÚN OPNIST, OG GANGSETUR JAFNFRAMT INNBROTAKERFIÐ.

**LEIÐARMERKINGAR OG NEYÐARLÝSING**

ALLAR FLÓTTALEIÐIR VERÐA MERKTAR MEÐ EFTIRÁLÝSANDI SKILTUM OG MERKIBORÐUM SAMKVÆMT ISO 16069.

Í STAÐ HEFÐBUNDINNAR NEYÐARLÝSINGAR MEÐ LÖMPUM OG RAFHLÖÐUM VERÐUR NOTUÐ EFTIRÁLÝSANDI MÁLNING, BORÐAR OG SKILTI.

ALLAR EFTIRÁLÝSANDI MERKINGAR VERÐA LÝSTAR UPP MEÐ SÍLOGANDI LÖMPUM SEM LOGA MUNU ALLAN SÓLARHRINGINN.

ALLAR SKILGREINDAR FLÓTTALEIÐIR VERÐA MERKTAR Í GÓLFI MEÐ EFTIRÁLÝSANDI MERKINGUM.

AÐRIR STAÐIR ÞAR SEM FREKARI LÝSINGAR ER ÞÖRF VERÐA MERKTIR Á GÓLFI, VEGGJUM EÐA ÖÐRUM STÖÐUM SAMKVÆMT NÁNARI ÚTFÆRSLU.

**BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI**

SJÁLFVIRKT BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI VERÐUR Í ALLRI BYGGINGUNNI. ÚTSTÖÐ KERFISINS ÁSAMT YFIRLITSMYND VERÐUR Í AÐALANDDYRI. KERFIÐ SENDIR BOÐ Á VIÐURKENNDA VAKTSTÖÐ OG STJÓRNSTÖÐ LANDSVIRKJUNAR.

**REYKRÆSTING**

TVEIR REYKBLÁSARAR VERÐA UPPI VIÐ ÞAK Í AÐALSAL. HVOR UM SIG AFKASTAR 10 $m^3$/sek VIÐ 1000 Pa. REYKBLÁSARAR SKULU VERA Í FLOKKI F300 SKV. ÍST EN 12101-3.

REYKBLÁSARARNIR ERU GANGSETTIR HANDVIRKT FRÁ STJÓRNTÖFLU SLÖKKVILIÐS Í AÐALANDDYRI. VIÐ RÆSINGU BLÁSARANNA SKULU HLAÐGÓLFSDYRNAR OPNAST SAMTÍMIS.

**HANDSLÖKKVIBÚNAÐUR**

TVEIR BRUNAHANAR ERU Í INNAN VIÐ 100 m FJARLÆGÐ FRÁ AÐKOMUSTAÐ SLÖKKVILIÐS. AFKÖST A.M.K. 20 l/sek Í 2 KLST.

SLÖKKVIVATNSGEYMIR ER 200 $m^3$ OG ANNAR 2JA TÍMA SLÖKKVIVATNSÞÖRF.

SLÖKKVILAGNIR (STIGLEIÐSLUR) VERÐA Í BÁÐUM STIGAHÚSUM MEÐ INNDÆLINGU UTAN FRÁ OG ÚTTAKI Á HVERRI HÆÐ UTAN STIGAHÚSS.

BRUNASLÖNGUR SKV. ÍST EN 671-1 SKV. TEIKNINGU, STAÐSETT ÞANNIG AÐ HÆGT SÉ AÐ SPRAUTA Á HVAÐA STAÐ SEM ER MEÐ 30 m SLÖNGU.

HANDSLÖKKVITÆKI SKV. ÍST EN 3 VERÐA VALIN OG STAÐSETT SKV. ÁKVÖRÐUN LV.

**SJÁLFVIRK SLÖKKVIKERFI**

SAMEIGINLEGT GASSLÖKKVIKERFI (INERT GAS) VERÐUR KOMIÐ FYRIR, TIL AÐ VERJA OLÍURÝMI (R22), GANGRÁÐSHERBERGI (R16, R17) OG RAFALATUNNUR (R25, R26).

KERFIÐ SKAL VIRKJAST SJÁLFVIRKT AF REYK- OG HITASKYNJURUM Í VIÐKOMANDI RÝMI OG EINNIG SKAL VERA HÆGT AÐ VIRKJA KERFIÐ HANDVIRKT FRÁ STJÓRNTÖFLU UTAN RÝMISINS.

**VIÐHALD BRUNAVARNA**

ÚTBÚA SKAL VERKFERLA FYRIR VINNU Á HLAÐGÓLFI, OLÍUÁFYLLINGU -TÆMINGU, AÐKOMU OG BROTTFÖR OFL.

GERÐUR VERÐUR ÞJÓNUSTUSAMNINGUR UM EFTIRLIT OG VIÐHALD Á BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI, SLÖKKVIKERFUM, REYKBLÁSURUM, BRUNASLÖNGUM OG HANDSLÖKKVITÆKJUM.

SETJA SKAL UP EIGIÐ ELDVARNAEFTIRLITSKERFI FYRIR VIRKJUNINA.




Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsvelta bs.
Samþykkt
23 SEPT. 2014
Byggingarfulltrúi

Garðar Guðnason 240565-4399
241262-7319

S:\Verk\359-Búðarhálsvirkjun\359B-endurskoðun-2008\100-aðalteikningar\Aðalteikningar – íslenskar\Afstöðumynd\A-359C-105-afstöðumynd.dwg

| ISSUE | DESCRIPTION | DATE | DES. | CHK. | APP. |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | |

| ISSUE | DESCRIPTION | DATE | DES. | CHK. | APP. |
|---|---|---|---|---|---|
| A1 | AÐALTEIKNING | 2013-03-01 | SG | GG | GG |

DATE: MARS 2013
DES.: SG
APP.: GG
PAPER SIZE: A1

Landsvirkjun

PROJ.: BÚÐARHÁLS HEP

EFLA CONSULTING ENGINEERS

STÖÐVARHÚS OG INNTAKSHÚS
AÐALTEIKNINGAR
ÞAKMYND

ARKITEKTASTOFAN OG

PROCESS: = + +
NPC NUMBER:
NPC REV.:
BDL: BUD
NUMBER: 359B
15-A-56.31.100
ISSUE: A1
SHEET:
NEXT SH.: